

## Fundargerð 139. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 17.apríl 2023.

Fundurinn var haldinn í Végarði í Fljótsdal og hófst hann kl 16.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson, Práinn Lárusson og Púriður Lillý Sigurðardóttir. Sæunn Stefánsdóttir tók þátt í gegnum Teams og Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð. Gestur fundarins var Dagmar Ýr Stefánsdóttir verðandi framkvæmdastjóri Austurbrúar.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn

### 1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 138

*Fundargerðin samþykkt. Fundargerðin verður undirrituð rafrænt.*

### 2. Undirbúningur aðal- og ársfundardags og tengda.

*Framkvæmdastjóri kynnti drög að skipulagi ársfundardags. Framkvæmdastjóra falið að halda áfram vinnunni á þessum grunni.*

### 3. Innri mál og úttektir

- Úttekt jafnlaunakerfis - Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður á úttekt jafnlaunakerfis sem var gerð fyrr í apríl.
- Yfirlýsing vegna viðurkenningar sem fræðsluaðili - Framkvæmdastjóri kynnti og óskaði eftir staðfestingu frá stjórn. Stjórn staðfesti og var framkvæmdastjóra falið að ganga frá undirritun með formanni.

### 4. Staða ýmissa verkefna og samninga

*Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu ýmissa verkefna og samninga.*

### 5. Önnur mál sem tengjast starfsemi Austurbrúar

*Framkvæmdastjóri sagði frá því að ráðningarferli í verkefnið Eygló verkefnið væri á lokametrunum.*

*Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 17:00*